



Stúdentaráðsfundur

25. fundur

01. október 2013 í N202

Fundaritari: Aníta Einarasdóttir

Fundur settur: 14:58

Mættir: Leifur Guðni Grétarsson, Aníta Einarasdóttir, Birgir Marteinson, Jenný Þorsteinsdóttir, Böðvar Már Styrmisson, Ari Brynjólfsson, Elín Friðriksdóttir, Ragnar Heiðar Sigtryggsson.

1. Samþykkt síðustu fundargerðar

2. mál til kynningar

a. fjárhagsstaða FSHA

Liðir frestað til næsta fundar þar sem fjármálastjóri var ekki viðstödd. Tekið fram að staðan er ágæt.

b. samningar FSHA og fyrirtækja

Lið frestað til næsta fundar af sömu ástæðu og í fyrri lið.

c. nýr formaður alþjóðanefndar

Guðrún Lárusdóttir sótti um stöðu formanns alþjóðanefndar og hefur tekið við því embætti. Framkvæmdastjórn og Rúnar hittu hana og kynntu fyrir henni starfið. Reki og Stafnbúi eiga eftir að senda inn hvaða fulltrúar sitja í nefndum fyrir þeirra hönd og þurfa að gera það sem fyrst svo nefndirnar geta farið að starfa. Kumpáni þarf að skipa nýjan fulltrúa í alþjóðanefnd þar sem þeirra fulltrúi, Guðrún hefur tekið við stöðu formanns nefndarinnar.

3. Landsamtök íslenskra stúdenta

a. stofnfundur



Leifur og Aníta áttu skype-fund við Önnu Marsý, formann undirbúningshóps um stofnun Landssamtaka íslenskra stúdentaráða. Ákveðið var að hafa stofnfundinn 1.-3. Nóvember og verður hann, sem lögnuákveðið var, í Háskólanum á Akureyri. Leifur útskýrði hvernig stofnfundurinn mun fara fram og reynt að hvetja fólk til að mæta. Mikilvægt er að fulltrúar nemenda, þ.e. stúdentaráð, mæti á fundinn til að kynna sér hvernig þetta starf mun fara fram, þar sem FSHA er að halda þetta. Stofngreiðslan sem ákveðin var í vor, var 250.000 kr. fyrir FSHA, en samkvæmt tillögu SHÍ mun sú greiðsla lækka niður í 175.000 kr., þetta var samþykkt en peningurinn verður þó eyrnamerkur LÍS, ef það skyldi þurfa. Skráningu á fundinn lýkur um næstu helgi, 12. október, fyrir þá sem ætla að nýta sér gistingu á hóteli og rútuferð til Akureyrar. Hinir geta skráð sig lengur. Þetta verður sent út á stúdentaráð og auglýst betur.

4. samningar FSHA og undirfélaganna

Leifur fór yfir samninginn sem lagður var fram á fundinum, sem formaður og fjármálastjóri höfðu sett saman. Búið er að greiða 160.000 kr. samkvæmt 1. gr. þess samnings, í samræmi við ákvörðun stúdentaráðs. Í c. lið 1. gr. samningsins er tekið fram að FSHA er bakland undirfélaganna. d. Liður 1. gr. kemur frá skólanum og eru kröfur sem hann gerir til FSHA.

2. gr. um starfsáætlun er til þess að allir hafi yfirsýn yfir hvað er verið að gera og í hvað peningarnir eru að fara. Hvað félögin stefna að því að gera á starfsárinu. Það að stjórnir félaganna þurfa að skila stöðu bankareikninga er krafa frá Úlfari/skólanum til að stemma af við staðfestan bankareikning. Tillagan felur í sér að félögin skila inn hver staðan var á bankareikningi þegar þau tóku við félaginu og líka þegar skilað er ársreikningi við lok starfsársins. Rætt var um það að það virkar samt ekki að stjórnin skili inn reikningsyfirliti eftir á, reikningsyfirliti frá því að fyrir stjórn var við störf. Ef breytt er í 3. gr. úr „skólaár“ í „starfsár“ þá geta stjórnirnar skilað yfirlitinu á sér frá því að þau tóku við félaginu, ekki frá fyrrir stjórn.

Félögin eiga enn eftir að senda inn aðalfundargerð, sem þarf að gera sem allra fyrst. Hafdís boðar gjaldkera undirfélaganna á fund með sér svo hún geti skýrt frá því hverju á að skila inn og hvernig á að fara með peningana almennt.

i-liður 2. gr. – var samþykktur. Gott að vera með þennan lið ef upp kemur vandamál með það hvernig á að skipta greiðslu á milli félaganna. Þarf að vera búið að ákveða fyrirfram hvernig greiðslu er háttáð á sameiginlegum viðbuðum.

Birgir stakk upp á að styttra yrði í næsta fund en tvær vikur til að skrifa undir samninginn og félaögin geta fengið greitt. Hafdís verður búin að hitta gjaldkerana í lok þessarar viku. Formenn passa að þeir séu upplýstir frá gjaldkerum eftir fund þeirra við Hafdís og svo verður næsti stúdentaráðsfundur í byrjun næstu viku, doodle linkur verður sendur út á eftir og samningarnir.

Tekið var fram að á næsta ári verða að vera til verklagsreglur um það hvaða félag tekur skiptinamana að sér, hvernig skráning þeirra fer fram og hvar.

5. Skipun fulltrúa stúdentaráðs á Háskólafund

Stúdentaráðsfundur

25. fundur 01. október 2013

Síða 2 af 4



Þarf að skipa 6 aðalfulltrúa og 6 varafulltrúa Tillaga: Hver stjórn finnur einn aðalaðila og einn til vara til a sitja á fundinum. Sú tillaga samþykkt. Þarf að skila inn nöfnum þeirra á morgun eða í allra síðasta lagi fimmtudag.

6. Önnur mál

Gæðaráðsfulltrúi til 1 árs sagði af sér og samþykkt var að tala við varaformann um að taka við stöðu hennar, Katrín Erna Þorbjarnardóttir.

Aftur var brýnt á því hversu mikilvægt upplýsingaflæði milla stúdentaráðs og stjórna er.

Samantekt: Guðrún Lárusdóttir hefur tekið við stöðu formanns alþjóðanefndar. Reki, Stafnbúi og Kumpáni þurfa að senda inn nöfn fulltrúa þeirra sem sitja í nefndum. Farið var yfir samning FSHA við undirfélögin og ákveðið að vera með fund í næstu viku til að skrifa undir hann. Hver stjórn skipar einn aðal og einn varafulltrúa til að mæta á Háskólafund.

Fundi slitið klukkan 15:58



Undirskrift fundargesta

Leifur Guðni Grétarsson

Formaður FSHA

Aníta Einarsdóttir

Varaformaður FSHA

Ari Brynjólfsson

Formaður Kumpána

Elín Friðriksdóttir

Formaður Eirar

Ragnar Heiðar Sigtryggsson

Vara-formaður Reka

Böðvar Már Styrmisson

Varaforseti Stafnbúa

Jenný Þorsteinsdóttir

Formaður Magister

Birgir Marteinson

Formaður Þemis